



LANDSSAMBAND
SUMARHÚSAEIGENDA

Umhverfissráðuneytið
Fr. Svandís Svavarssdóttir, ráðherra
Skuggasundi 150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október, 2009

Varðar: Kæru vegna framkvæmd sorphirðumála í
Grímsnes-og Grafningsshreppi og Bláskógabyggð.

Til skrifstofu okkar hafa leitað fulltrúar frístundahúsbyggða í Grímsnes-og Grafningsshreppi og Bláskógabyggð í framhaldi af fjölmönnum félagsfundi ofangreindra aðila þar sem fundarefnið var breytt sorphirða í ofangreindum sveitarfélögum.

Fram kom á fundinum að sveitarfélögin Grímsnes-og Grafningsshreppur ásamt Bláskógabyggð hafa ákveðið einhliða ákveðið að breyta gjaldtökuunni og um leið þjónustustiginu án þess þó að fyrirbyggjandi gjaldskrá hafi runnið sitt skeið á enda skv. númeri sem birt hefur verið með þeim hætti sem lög og reglur bjóða og er ætlað að gilda út allt gjaldtímabilið sem verður að ætla sé allavega almanaksárið í samræmi við fasteignagjöld, enda er sorphirðan innheimt árlega með fasteignagjaldaseðlinum.

Almennt um þessa fyrirætlun sveitarfélaganna er nokkuð ljóst að gjaldtakan er ólögleg eins og hún er sett fram í efni og formi. Umbj. okkar telja það ekki standast lög að breyta um gjaldskrá á því tímabili sem nú þegar hefur verið greitt fyrir á yfirstandandi ári.

Til framtíðar er margt óljóst. Sveitarfélögin hafa boðað fækkun gámastöðva þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli. Helstu breytingar sem boðaðar eru sbr. neðangreint og hafa nú þegar tekið gildi frá 1 okt. s.l.;

- **Frá og með 1. október 2009 hefst tunnuhirðing sorps frá heimilum í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningsshreppi.**
- **Þá verða heimilissorpgámar fjarlægðir af opnum svæðum í sveitarfélögunum. Samhliða verða breytingar á móttökusvæðum úrgangs í Bláskógabyggð, en móttökusvæði úrgangs í Grímsnes- og Grafningsshreppi verður áfram á Seyðishólum.**
- **Frá og með 1. október 2009 verða í Bláskógabyggð tvær móttökustöðvar fyrir úrgang, að Lindarskógum 10-14 á Laugarvatni og Vegholti 8 í Reykholti. Einnig verður opið sameiginlegt móttökusvæði sveitarfélaganna fyrir úrgangs að Heiðarbæ, Þingvallasveit, yfir sumarmánuðina. Öðrum móttökustöðvum í sveitarfélaginu verður lokað.**

- **Móttökustöðvar sveitarfélaganna verða opnar á ákveðnum tímum, gerð verður krafa um flokkun úrgangs og allur úrgangur sem ekki ber úrvinnslugjald verður gjaldskyldur.**

Eins og sjá má á fyrirætlan sveitarfélaganna þá er þjónustan orðin mjög takmörkuð og í reynd mun gjaldið hækka til framtíðar. Fyrir liggur að gámastöðvar verða fjarlægðar sem þýðir í reynd að umbj. okkar geta ekki komið venjulega heimilissorpi frá sér nema á ákveðnum tímum sem varla getur þýtt annað en að farið verið með heimilissorp til byggðarlags þar sem lögheimili umbj. okkar er og því fargað þar.

Í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs segir m.a. hvað sé skyldur sveitarstjórna. Þar kemur m.a. fram að sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Þá skal sveitarstjórn l ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpílata og flutningi heimilisúrgangs frá **öllum heimilum** á viðkomandi svæðum.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. **Staðsetning sorpíláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott.**


Sérstaklega er þó vikið að ákvæðinu í reglugerðinni í 5. mgr. 6. greinar þar sem segir;

„Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát í nánd við sumarhúsahverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpíláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpílatin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpílatum, m.t.t. tegundar úrgangs.“

Þegar ofangreint reglugerðarákvæði er skoðað er nokkuð ljóst að sveitarfélögin uppfylla ekki þetta lágmarksskilyrði og þó á enn að þrengja þjónustuna og hækka gjöldin, allt á kostnað umbj. okkar.

Í samantekt er því mótmælt áfallinni nýrri gjaldaskrá, ennfremur er lögð rík áhersla á það að til framtíðar verði það tryggt að umbj. okkar hafi greiðan aðgang að förgun heimilissorps og það sé nærlægur staður í samræmi við ofangreint reglugerðarákvæði.

Kærð er því áfallinn gjaldsskrá sorphirðugjalda í Grímnes-og Grafningsshreppi ásamt Bláskógabyggð, með tillitli til efnis og forms sbr. ofangreint.

Virðingarfyllst.

 Sveinn Guðmundsson, hrl.

Afrit sent: Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.